# 1.291.2

## Háaleitisbraut 19

S

Skj.nr. 10351, 1 af 1. Samþykkt í borgarráði
29. ágúst 2000




ÚTLIT VESTUR - HÁALEITISBRAUT 19, 21 og 23




**Skipulag samþykkt í borgarráði 26. 02. 1963**
**Mkv. 1 : 1000**




**Tillaga að breyttu skipulagi**

**GREINAGERÐ**

Lóðin Háaleitisbraut 19 stendur við botngötu austan við Háaleitisbraut. Hún er 1010 m2. Á lóðinni stendur einbýlishús, sem byggt er á pöllum, samtals 252,9 m2. Nýtingarhlutfall er 0.25.

Skilmálar svæðisins, með innfærðum breytingum, voru samþykktir í borgarráði 26. febrúar 1963.

Sótt er um leyfi til þess að stækka húsið til suðurs um 41,2 m2. Felst hún í stækkun stofu um 22,7 m2 og gerð sólsofu sem er 18,5 m2. Nær stækkunin 3,77 m suður fyrir núverandi húshlið.
Húsið verður 294,1 m2 og nýtingarhlutfall 0.29.

**Skilmálar** fyrir íbúðarhús samþykktir í borgarráði 26.02. 1963:

1.- Lóðinni er úthlutað til þess að reisa á henni einyft íbúðarhús.
2.- Flatarmál hvers húss má ekki vera meira en 180 m2 og rúmmál ekki meira en 800 m3. Bifreiðageymsla, sem staðsett skal í húsinu, er innifalin í því rúmmáli.
3.- Óheimilt er að hafa meira en eina íbúð í húsinu.
4.- Halli á þaki má ekki fara yfir 1 metra.
5.- Bifreiðastæði það sem sýnt er á uppdrætti, má flytja til eftir staðsetningu bifreiðageymslu, en ekki má girða það frá götu.

**Núverandi ástand skilmála**:

1.- Á lóðinni er íbúðarhús á pöllum.
2.- Grunnflötur hússins er 167,6 m2 en heildarflatarmál þess er 252,9. Heildarrúmmál er 736,4 m3. Bifreiðageymslan er staðsett í húsinu.
3.- Ein íbúð er í húsinu.
4.- Halli á þakinu er 203/1000 eða 11,5 gráður
5.- Þrjú bifreiðastæði eru vestan megin við húsið.

**Breyttir skilmálar:**

1.- Á lóðinni er íbúðarhús á pöllum.
2.- Grunnflötur hússins verður 208,8 m2 en heildarflatarmál þess verður 294,1 m2. Heildarrúmmál verður 877,3 m3
3.- Ein íbúð verður í húsinu.
4.- Halli á þakinu er 203/1000 eða 11,5 gráður.
5.- Þrjú bifreiðastæði eru vestan megin við húsið.



**Hluti Aðalskipulags Reykjavíkur 1996 - 2016**

Staðsetning ○

**SKÝRINGAR:**

| | |
|---|---|
| Mörk skipulags | —·—·—·— |
| Lóðamörk | ———— |
| Bifreiðastæði innan lóðar og fjöldi | ΔΔΔ |
| Pallahús 1 1/2 hæð | E - 1½ |
| Byggingarreitur | - - - - - - - - |

Skipulagsbreyting þessi var í kynningu
frá ....17. júlí.......... til ....15. ágúst.... 2000

Skipulagsbreyting þessi sem grenndarkynnt hefur verið skv. 2. mgr. 26. gr. sbr. 7.mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í borgarráði þann ....29. ágúst.... 2000

Skipulagsbreyting þessi var samþykkt í Skipulags- og Umferðarnefnd ....21. ágúst.......... 2000.

Auglýsing um breytingu skipulagsins var birt í B - deild Stjórnartíðinda þann ....20. okt.... 2000.

Borgarsjóður tekur að sér að bæta tjón það, sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir, við breytingu þessa.

**HÁALEITISBRAUT 19.**

**Breyting á skipulagi.** **Mkv. 1 : 1000**

**Dags. 04.07. 2000**

**Vífill Magnússon ark.**
s. 554 0115